

HÚSÖNDIN

77.tbl. 2.árg.
4.september 2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 5.-11.SEPTEMBER



- 7.9 Einar Jónsson, Heimir Knaran Sigurbjörnsson
9.9 Sæmundur Þór Sigurðsson, Pálmi John Þórarinsson
11.9 Þorlákur Páll Jónsson, Sigurður Erlingsson,



Umsagnir óskast um Fjölmeningarstefnu Skútustaðahrepps

Stýrihópur á vegum velferðar- og menningarmálanefndar hefur undanfarna mánuði unnið gerð Fjölmeningarstefnu Skútustaðahrepps.

Dög að Fjölmeningarstefnu liggja nú fyrir. Þeir sem vilja koma ábendingum og/eða athugasemdum á framfæri um Fjölmeningarstefnuna eru beðnir að senda tölvupóst á netfangið thorsteinn@skutustadahreppur.is í síðasta lagi fimmtudaginn 26. september n.k.

Drög að stefnunni má kynna sér á heimasíðu Skútustaðahrepps.

Einstakur tónlistarviðburður á Norðurlandi
Danski verðlaunakórinn

VOCAL LINE

sigraði nýverið **Eurovision kóranna 2019** og
heldur nú í tónleikaferðalag til Íslands.

Vocal Line er rytmískur a cappella kór sem syngur samtímatónlist í nýjum
útsetningum fyrir 10-12 raddir. Kórinn er í fararbroddi fyrir rytmískan kórsöng á heimsvísu
og fyllir jafnan tónleikasali í Danmörku og víðar í Evrópu.

Einkennandi hljómur Vocal Line skilur engan eftir ósnortinn.

Hofi, 11. september kl. 20:00

Vocal Line hitar upp fyrir tónleikana í Hofi með stuttum tónleikum í Reykjahliðarkirkju
10. september kl. 18. Ókeypis aðgangur



Miðasala á mak.is og í Hofi, s. 450-1000

Miðaverð: 4.500 kr. Fyrir hópa 10 eða fleiri fæst 15% afsláttur: Verð 3.825 kr.

Tímabundin lokun aðgengis í Höfða



Athygli er vakin á því að vegna jarðvegsskipta á aðalgöngustíg í Höfða verður lokað fyrir aðgengi í Höfða, frá Þjóðvegi, frá og með þriðjudeginum 8. september n.k. Lokunin verður virka daga, frá kl. 8-18 í um þrjár vikur.

Markmiðið með verkefninu er að greiða aðgengi að Höfða fyrir alla, auka öryggi, vernda náttúru, og bæta fræðslugildi staðarins. Beðist er velvirðingar á þeim óþægindum sem lokunin kann að valda.


Skútustaðahreppur

Lokað í stofnunum Skútustaðahrepps 12. september



Vegna sameiginlegs starfsmannadags hjá sveitarfélaginu Skútustaðahreppi fimmtudaginn 12. september n.k. verða allar stofnanir lokaðar þann dag. Þetta á við m.a. um hreppsskrifstofu, grunnskóla og leikskóla en íþróttamiðstöðin opnar kl. 16.00 (opið allan daginn fyrir þá sem eru með lykilkort).

Skútustaðahreppur



Tónasmíðjan
og gestir kynna

Greatest hits...
Úrval laga frá 1970+

TÓNLEIKASÝNINGIN AÐEINS EITT LÍF

rokkum gegn sjálfsvígum

í Húsavíkarkirkju
þriðjudaginn 10. september
kl. 20:00



Heiðursgestur
er hinn landsþekkti söngvari
Einar Ágúst Víðisson

Í tilefni af alþjóðlegum degi sjálfsvígsforvarna
þann 10. september n.k. munu Forvarnasamtökin PÚ
skiptir máli ásamt Tónasmíðjunni og gestum standa
fyrir glæsilegri tónleikasýningu í Húsavíkarkirkju
og hefst hún kl. 20:00.

Aðeins kostar tvö þúsund krónur inn.

Fjöldi flytjenda á öllum aldri mun koma fram og
ROKKA gegn sjálfsvígum.

Að lokinni sýningu munum við svo kveikja á kertum
og mynda kærleikshring til að minnst þeirra sem
fallið hafa fyrir eigin hendi.

Hljóm sveit:

Andrea Líf Einarsdóttir – bassi og slagverk
Arney Elva Valgeirsdóttir – trommur og slagverk
Arni Gestur Arnarsson – trommur og slagverk
Dagný Diego Elvarsdóttir – bassi og slagverk
Elvar Bragason – kassagítar og hljóm sveitastjórn
Emilia Klimaszewska – fiðla
Friðrik Aðalgeir Guðmundsson – gítar og trommur
Guðni Páll Jóhannesson – gítar, trommur og slagverk
Hrefna Ósk Davíðsdóttir – þverflauta
Jón Emil Christophsson – gítar
Ragnar Jón Grétarsson – bassi og gítar
Stefán Bogi Aðalsteinnsson – hljóm bordó

Söngur:

Anna Birta Þórðardóttir
Brynja Rós Brynjarsdóttir
Bylgja Steingrimsdóttir
Frimann Sveinsson
Guðný María Waage
Hólmi Friður Bjartey Hjaltalin
Inga María Ciuraj
Jónína Hildur Grímsdóttir
Júlia Máney Fannarsdóttir
Katría María Guðnadóttir
Kristjana Freydis Stefánsdóttir
Natalia Piorunek
Rebekka Phillips
Valdís Jósefsdóttir
Viðja Karen Vignisdóttir
Þórdís Eir Jónsdóttir



Trésmiðjan Rein ehf





Ókeypis fyrir börn í sundlaugina á Laugum

– Ókeypis rútuferð laugardaginn 28. september -

Skútustaðahreppur býður áfram upp á ókeypis rútuferð í sund á Laugum fyrir fjölskyldur. Næsta rútuferð verður laugardaginn 28. september. maí n.k.

Fyrirkomulagið er eftirfarandi:

Farið er frá hreppsskrifstofu [kl. 10.30 \(athugið breyttan tíma\)](#) laugardaginn 28. september n.k. Ókeypis er í rútna. Farið er sunnan vatns og hægt að taka upp fólk á leiðinni við Þjóðveginn. Til að vita fjöldann þarf að tilkynna þátttöku í rútuferðinni í seinasta lagi kl. 11:45 á föstudegi fyrir ferðina, á netfangið skutustadahreppur@skutustadahreppur.is – eða með því að hringja í 464 4163 á hreppsskrifstofu. Gefa þarf upp fjölda fólks og hvar á að taka fólk upp í rútna á leiðinni ef það fer ekki frá hreppsskrifstofu.

Sveitarfélögin Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit hafa gert samkomulag um aðgengi barna og ungmenna í Skútustaðahreppi að sundlauginni á Laugum. Í því felst:

- Börn í Skútustaðahreppi á aldrinum 6-16 ára fá ókeypis aðgang í sundlaugina á Laugum á opnunartíma hennar. Nafnalisti með börnum 6-16 ára með lögheimili í Skútustaðahreppi verður í afgreiðslu sundlaugarinnar og þarf að skrá þau inn.
- Nú þegar er ókeypis fyrir börn yngri en 6 ára.

Að öðru leyti vísast til gjaldskrár sundlaugarinnar:

https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/gjaldskrar/2019/sundlaugin-a-laugum_gjaldskra-2019.pdf

Næstu ferðir:

- 26. október • 23. nóvember • 14. desember

Sumaropnunartími sundlaugarinnar á Laugum:

Mánud. - fimmtud. - 07:30 til 09:30 og 16:00 til 21:30

Föstud. - 07:30 til 09:30

Laugard. - 11:00 til 17:00

Sunnud. - 11:00 til 17:00

Athugið:

Í samræmi við reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum er börnum yngri en 10 ára óheimill aðgangur að sund- og baðstöðum nema í fylgd með syndum einstaklinga 15 ára eða eldri. Ekki skal leyfa viðkomandi að hafa fleiri börn með sér, nema um sé að ræða foreldri eða forráðamann barna.